

Nd.

369. Frumvarp til laga

[208. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Albert Guðmundsson, Karvel Pálmason, Birgir Ísl. Gunnarsson,
Halldór Blöndal, Friðrik Sophusson, Ólafur P. Þórðarson,
Guðmundur J. Guðmundsson, Ingólfur Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir,
Guðmundur G. Þórarinnsson, Magnús H. Magnússon, Jóhann Einvarðsson.

1. gr.

Aftan við 62. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem orðist svo:

Tekjuskattsstofn manna, sem látið hafa af störfum vegna aldurs, skal lækkaður um helming við útreikning skatts af tekjum, sem þeir hafa aflað síðustu tólf mánuði starfstíma síns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1983 af tekjum ársins 1982.

Greinargerð.

Óþarfi hlýtur að vera að tíunda þá erfiðleika, sem oft blasa við þeim launþegum sem láta af störfum vegna aldurs.

Breytingin hefur oft sálræn áhrif, sem seint verða bætt, því heilsan er þar að veði.

Því til viðbótar koma áhyggjur af greiðslu opinberra gjalda, sem eru lögð á með fullum þunga á fyrsta ári eftir að starfsævi lýkur.

Þetta frumvarp er flutt til að koma til móts við launþega sem þannig eru staddir, enda hafa þeir greitt sína skatta og gjöld á langri starfsævi og ber að meta það þegar á leiðarenda er komið.